

Fundargerð

13. desember 2019 var haldinn 1. fundur verkefnishóps um mat á sameiningu Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárbings eystra, Rangárbings ytra og Ásahrepps. Fundurinn var haldinn á skrifstofu Rangárbings eystra á Hvolsvelli.

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson

Lilja Einarsdóttir

Christiane L. Bahner

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Björk Grétarsdóttir

Hjalti Tómasson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Egill Sigurðsson

Valtýr Valtýsson

Einar Freyr Elínarson

Þorbjörg Gísladóttir

Páll Tómasson

Eva Björk Harðardóttir

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Arndís Harðardóttir

Einar Freyr Elínarson oddviti Mýrdalshrepps bauð fólk velkomið og setti fund kl. 10:30. Hann lagði til að byrjað væri á að skipa formann fyrir hópinn og stakk upp á Antoni Kára Halldórssyni sem formanni. Tillagan samþykkt samhljóða og Anton Kári tók við stjórn fundarins og Einar Freyr skipaður fundarritari.

Anton Kári byrjaði á því að ræða framhald starfsins og nefndi að farsælt gæti orðið að fá ráðgjafafyrirtæki til þess að leiða vinnuna. Aðrir fundarmenn tóku undir það og rætt var lauslega hvaða væntingar fólk bar til vinnunnar.

Samþykkt að formaður myndi senda tölvupóst á nokkur fyrirtæki og óska eftir tilboðum og senda þau á hópinn. Stefnt að því að taka afstöðu í tölvupósti til hvaða aðilum verði boðið á næsta fund verkefnishóps áður en ákveðið verður við hvern skal samið. Jafnframt samþykkt að formaður hefði samband við Gauta Jóhannesson sveitarstjóra Djúpavogshrepps til að kanna hvort hann gæti komið til fundar við verkefnishópinn til að heyra hvernig sameiningarferlið sem nýlega lauk fyrir austan hefði gengið. Samþykkt að næsti fundur verði 10. janúar 2020 kl. 10 í Hvolnum á Hvolsvelli.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi 11:15